

VEGUR ÚR EYSTEINSDAL AÐ SNÆFELLSJÖKLI OG LAGFÆRING TENGINGAR YFIR Á JÖKULHÁLSVEG, SNÆFELLSBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 13. júní 2008 tilkynnti Snæfellsbær lagningu vegar úr Eysteinsdal að Snæfellsjökli og lagfæringu tengingar yfir á Jökulhálsveg til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 20. júní 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. júlí 2008, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 25. júní 2008 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 3. júlí og 23. júlí 2008.

Frekari upplýsingar bárust frá Línuhönnun hf., f.h. framkvæmdaraðila, með bréfi dags. 8. júlí 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að breyta eigi vegi sem liggja af Útnesvegi norðan brúar yfir Móðulæk, upp Eysteinsdal um Harðabala og upp með Blágili, þar sem vegurinn endi í bílastæði. Breytingin felist í því að lengja veginn frá bílastæðinu að Snæfellsjökli. Markmið framkvæmdanna sé að auðvelda fólki ferð um þjóðgarðinn og lagfæra tengingu vegarins úr Eysteinsdal við veginn yfir Jökulháls.

Fram kemur að framlengja eigi veginn úr Eysteinsdal um rúmlega 1.500 metra til suðurs að Snæfellsjökli. Meðfram nýja veginum verði gerð þrjú bifreiðastæði með nokkru millibili. Á hverju þeirra verði stæði fyrir allt að 10 bíla nema á efsta stæðinu þar sem gert sé ráð fyrir allt að 24 bílum. Norðan við nýja veginn sé um 1.000 metra löng vegslóð, sem liggja til austurs og tengist vegi á Jökulhálsi. Ætlunin sé að afmá þá vegslóð. Á milli þess slóða og nýja vegarins sé önnur vegslóð sem eigi að endurgera á tveimur köflum. Þar verði gerð ný 200 metra slóð í stað 170 metra langrar leiðar, sem verði afmáð, og önnur 90 metra löng í stað 135 metra kafla, sem einnig verði afmáð.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrifasvæði framkvæmdanna verði að mestu bundið við núverandi vegsvæði, tilflutningur á efni verði í lágmarki og við lagningu viðbótarslóða verði eingöngu notað efni úr jökulruðningum. Til að draga úr

sýnileika vegarins verði ekki unnið við frágang, sem sé í samræmi við reglugerð þjóðgarðsins. Ekki sé þörf á að setja upp vinnubúðir vegna framkvæmdanna.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að hefja framkvæmdir um mitt sumar 2008 þegar snjór hafi bráðnað og svæðið orðið þurr. Framkvæmdatími verði mjög stuttur því umfang verksins sé lítið.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé að mestu innan lands Ingjaldshóls, sem er í eigu ríkissjóðs, það sé innan þjóðgarðs næst jökli og hluti af útivistarsvæði við jökulinn. Svæðið hafi komið undan hopandi jöklinum fyrir áratugum, en hafi verið fremur óaðgengilegt og því fáir farið þar um. Ráðgjafanefnd þjóðgarðsins hafi í verndaráætlun lagt til að svæðið verði opnað og gert aðgengilegt með vegagerð og eðli þess þannig breytt úr ósnortnu svæði í svæði með mannvirki.

Fram kemur að til þess að koma í veg fyrir utanvegaakstur sé ekki gert ráð fyrir að hleypa umferð á vegslóða að jökli fyrr en hann sé tilbúinn. Einnig megi gera ráð fyrir að umferð yfir á Jökulhálsveg verði fyrir einhverjum truflunum á meðan tengingar á þeirri leið verði lagfærðar.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að nýr vegur muni auðvelda aðgengi að skíðasvæði, sem stundum hefur verið sett upp með færanlegum búnaði í nálægð við fyrirhugað vegstæði. Hins vegar verði vélsleðaumferð um svæðið takmörkuð samkvæmt tillögum í verndaráætlun þjóðgarðsins.

Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á mannlíf verði jákvæð með því að auðvelda íbúum og gestum þjóðgarðsins að komast að jöklinum og skapa möguleika á hringakstri í nágrenni jökulsins.

Áhrif á landslag. Fram kemur að mikið rask sé nærri Harðabala og langleiðina austur að Geldingafelli, sem sé leifar þess tíma þegar vikurnám var á svæðinu. Nýr vegur muni liggja um ósnortið land sem mótað er af jökli og mun sjást úr næsta nágrenni hans en hverfa sjónum manna þegar fjær dregur frá veginum. Jákvæð áhrif hljótist af því að afmáðir verða vegslóðar og vegakerfið einfaldað við norðanverðan jökulinn. Vegagerð á svæðinu breyti þó ímynd þess sem ósnortins lands en staðið verði þannig að framkvæmdinni að áhrif hennar hverfi ef hætt verður að halda slóðinni við.

Áhrif á jarfræði og jarðmyndanir. Fram kemur að á framkvæmdasvæðinu séu engar jarðmyndanir sem hafi sérstöðu á héraðs- eða landsvísu. Framkvæmdin verði staðbundin því efni úr jökulruðningshólum í vegstæðinu verði notað til fyllinga í dýpstu lægðum.

Áhrif á gróður. Fram kemur að við val á legu vegarins hafi áhersla verið lögð á að fara um lítt gróið þurr land og fylgja hryggjum sem fyrst koma undan snjó. Framkvæmdasvæðið sé í 500-700 metra hæð yfir sjó og þar sé snjór almennt langt fram eftir júní ár hvert. Þar sé gróðurframvinda hæg og rakaheldni jökulruðningsins sé takmörkuð, nema í lægðum þar sem gamburmosi nær sér fljótt á skrið. Tegundir háplantna séu fáar á svæðinu. Áhrif á gróður verði lítil þar sem framkvæmdasvæðið sé að mestu ógróið.

Áhrif á náttúruminjar. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé á náttúruminjasrá og vestasti hluti þess sé innan Þjóðgarðs. Ráðgjafanefnd Þjóðgarðsins hafi tekið ákvörðun um að gera vegslóða til að gera svæðið aðgengilegra en nú er. Áhrif framkvæmdarinnar á náttúruminjar verði fremur lítil og afturkræf, ef viðhaldi vegslóðans verði hætt.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé skilgreint í aðalskipulagi Snæfellsbæjar annars vegar sem námusvæði og hins vegar sem Þjóðgarður. Framkvæmdasvæðið sé að auki á fjarsvæði vatnsverndar. Ekki sé gert ráð fyrir framkvæmdinni í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 en Snæfellsbær hafi samþykkt að breyta aðalskipulaginu.

Framkvæmdaraðili telur að heildaráhrif framkvæmdarinnar verði jákvæð.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Snæfellsbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun telja að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Vatnsból. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að breytingar á veginum muni ekki valda hættu á mengun vatnsverndarsvæðis. Samkvæmt tilkynningu sé ekki gert ráð fyrir að vinnubúðir verði settar upp á svæðinu en Heilbrigðiseftirlit Vesturlands fer fram á að olúgeymar eða spilliefni verði ekki geymd á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að á framkvæmdasvæðinu sé ekki jarðvegs- og gróðurlag sem verndar grunnvatn. Í tilkynningu um framkvæmdina sé ekki fjallað um mengunarhættu og hugsanleg áhrif á vatnsból. Reglugerð um varnir gegn mengun vatns kveði m.a. á um að við ákvörðun um framkvæmdir á vatnsverndarsvæði skuli meta hvort hætta sé á að vatnsból spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar með tilliti til vatnafræðilegra, jarðfræðilegra og landfræðilegra aðstæðna á vatnasviði vatnsbólansins, líklegra uppspretta mengunar, mengunarálags og mikilvægi vatnsbólansins. Samkvæmt þessu telur Umhverfisstofnun að sýna verði fram á að fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir og umferð um svæðið hafi ekki í för með sér hættu á mengun vatnsbóla og leggja þurfi fram upplýsingar um grunnvatnsstrauma (vatnafarskort).

Í svari framkvæmdaraðila er bent á að umfang framkvæmdanna verði takmarkað og að líklega verði eitt tæki notað við vegagerðina og gerð krafa um að það verði lekaprófað og að áfylling olíu fari fram utan vatnsverndarsvæðisins. Bent er á að vegtenging yfir á Jökulhálsveg liggja m.a. um skilgreint námusvæði, sem sé að hluta innan fjarsvæðis vatnsverndar, þar sem umfangsmikil starfsemi hefur verið fyrr á árum, og síðustu 150 metrar vegtengingar að jökli verði innan vatnsverndarsvæðis. Kröfur verði gerðar til verktaka um að vinna í samræmi við gildandi kröfur um vinnu á fjarsvæði vatnsverndar.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnuninni sé ljóst að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands geri kröfur um að olíur og spilliefni verði ekki geymd á svæðinu á framkvæmdatíma. Samkvæmt nýlegum rannsóknnum séu jarðlög á utanverðu Snæfellsnesi mjög lek og grunnvatnsrennsli endurspeglar af úrkomu á svæðinu. Því sé mikil hætta á grunnvatnsmengun ef mengunarslys verður. Ef nýr vegur verði lagður að Snæfellsjökli telur stofnunin nauðsynlegt að vegfarendum verði

gerð grein fyrir, með sérstökum merkingum, að vegurinn liggja um viðkvæmt vatnsverndarsvæði. Jafnframt telur Umhverfisstofnun að leggja eigi bann við öllum olíuflutningum um veginn. Einnig ítrekar stofnunin að samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns þurfi umsækjandi starfsleyfis að meta hættu á því að vatnsból spillist vegna nálægrar starfsemi eða umferðar.

Aukið aðgengi. Í umsögn sinni bendir Umhverfisstofnun á að fyrirhugaður vegur muni auka aðgengi að svæðinu sem gæti leitt til frekari framkvæmda þar síðar, t.d. uppbyggingu skíðasvæðis á Snæfellsjökli. Því þurfi að skoða sammögnunaráhrif með slíkum rekstri.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari uppbyggingu á svæðinu og því sé ekki grundvöllur fyrir því að meta sammögnunaráhrif mismunandi framkvæmda. Frekari uppbygging á svæðinu verði háð leyfum Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og þar af leiðandi Umhverfisstofnunar og Snæfellsbæjar auk þess sem leita þurfi umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands í því sambandi.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun telur að í tilkynningu um framkvæmdina komi ekki fram nógu ítarlegar upplýsingar um fyrirhugað verklag við vegaframkvæmdirnar, þ.m.t. frágang. Skilgreina verði betur hvers konar veg verði um að ræða og hvernig staðið verði að framkvæmdum. Gert sé ráð fyrir að nota efni úr jökulruðningum en ekki sé tilgreint hversu mikið efni þurfi til framkvæmdanna né hvar það verði tekið. Vegna fyrirhugaðrar tilfærslu á grjóti vekur Umhverfisstofnun athygli á að mikilvægt sé að ekki myndist rastir meðfram veginum.

Í svari framkvæmdaraðila er ítrekað að vegsvæði hafi verið valið af þjóðgarðsverði og fulltrúa Umhverfisstofnunar, Snæfellsbæjar og Vegagerðarinnar. Búið sé að stika gróflega fyrirhugaðan veg og vegsvæði en nákvæm staðsetning vegarins innan vegsvæðisins verði hins vegar ákveðin þegar framkvæmdir hefjast og verði gert undir eftirliti þjóðgarðsvarðar og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Áætlað sé að fyrirhugaðir vegir verði eins og þeir vegir sem þar eru fyrir (vegflokkur F1 Vegagerðarinnar). Gert sé ráð fyrir að efni verði tekið úr hólum á veglínunni, en útilokað sé að áætla efnisþörf þar sem endanleg útfærsla við lagningu vegslóðans liggur ekki fyrir en verði ákveðin í samstarfi verktaka og fulltrúa þjóðgarðsins og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdaraðili telur litla hættu á að grjótrastir myndist við vegagerðina sjálfa, en líkur á að svo verði síðar ef kastað verði til höndunum við viðhald vegarins.

Í frekari umsögn segir Umhverfisstofnun að almennt sé nauðsynlegt að fyrir liggja upplýsingar um staðsetningu vegar, efnisþörf og efnistökuastaði þegar metin eru umhverfisáhrif vegaframkvæmda. Með hliðsjón af gerð fyrirhugaðs vegar og að hann fari um lítt gróið land, hulið jökulruðningi og vikri, telur stofnunin þó að ekki séu líkur á að fyrirhuguð vegagerð hafi í för með sér umtalsverð áhrif á náttúrufar og landslag, svo fremi að vel verði staðið að framkvæmdunum og verkið unnið í samvinnu við þjóðgarðsvörð. Þegar búið verður að stika veglínuna og áður en framkvæmdir hefjast telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að stofnuninni berist upplýsingar um nákvæma legu vegar og efnistökuastaða.

Áhrif á menningarmínjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á ákvæði 10. og 13. greinar þjóðmínjalaga ef fornleifar finnast meðan á framkvæmdum stendur. Við jarðrask skal gæta þess að fullt tillit sé tekið til fornleifa og ekki má vera með framkvæmdir þar sem mínjar sjást á yfirborði, svo sem stekkir, tóftir, girðingar, eða sel.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á vegi í umsjón Vegagerðarinnar sem liggur upp Eysteinsdal um Harðabala og upp með Blágili, þar sem vegurinn endar í bílastæði. Rétt neðan við bílastæðið liggur vegslóði frá Eysteinsdalsvegi til austurs að vegi á Jökulhálsi, sem einnig á að breyta. Framlengja á veginn úr Eysteinsdal um rúmlega 1.500 metra til suðurs að Snæfellsjökli þar sem þrjú ný bílastæði verða gerð með nokkru millibili; tvö fyrir 10 bíla og eitt 24 bíla stæði næst Jökli. Tveir vegslóðar tengja nú saman vegi um Eysteinsdal og Jökulháls. Ætlunin er að afmá nyrðri slóðann, sem er um 1 km að lengd, en syðri vegslóðann á að endurgera á tveimur stöðum, til að gera hann færan öllum bílum. Felur það í sér að leggja tvo nýja kafla, 200 og 90 metra langa, í stað slóða sem lagðir verða niður og afmáðir (135 og 170 metra langir). Fyrirhugaður vegur fer um óraskað svæði og er innan fjarsvæðis vatnsverndar, svæðis á náttúruminjasrá og innan Snæfellsjökulþjóðgarðs. Breytingin er gerð að ósk ráðgjafanefndar Snæfellsjökulþjóðgarðs og vegsvæðið hefur verið valið af þjóðgarðsverði og fulltrúum Umhverfisstofnunar, Snæfellsbæjar og Vegagerðarinnar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á menningarminjar og landslag verði óveruleg. Jökullinn hefur hopað undanfarna áratugi á því svæði sem framkvæmt verður og því ósennilegt að þar finnist fornminjar. Minnt er á að fara ber að ákvæðum þjóðminjalaga (nr. 107/2001) verði vart við fornminjar við framkvæmdina. Vegagerð er miðuð við að vegsvæði verði lítið raskað þannig að ef ákveðið verður síðar að leggja niður veginn næst Jökli muni svæðið hverfa aftur til fyrra ástands. Þó búið sé að stika gróflega fyrirhugaðan veg hefur endanleg staðsetning hans ekki verið ákveðin. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að áður en framkvæmdir hefjast verði endanleg útfærsla við lagningu vegslóðans ákveðin í samstarfi verktaka, fulltrúa þjóðgarðsins og Umhverfisstofnunar og að framkvæmdir verði unnar undir eftirliti þjóðgarðsvarðar og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á fjarsvæði vatnsverndar verði lítil, ef verkið verður unnið samkvæmt því sem lýst er í tilkynningu framkvæmdarinnar. Sýnt hefur verið fram á að jarðlög á utanverðu Snæfellsnesi eru lek og því veruleg hætta á grunnvatnsmengun ef mengunarslys verður. Til að fyrirbyggja slíkt leggur Skipulagsstofnun áherslu á að tryggt verði að verktaki vinni í samræmi við gildandi kröfur um vinnu á fjarsvæði vatnsverndar og fullu samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir gögn sem Línuhönnun hf. lagði fram við tilkynningu, f.h. Snæfellsbæjar, umsagnir og viðbrögð Línuhönnunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að vegur úr Eysteinsdal að Snæfellsjökli og lagfæring vegtengingar yfir á Jökulhálsveg, Snæfellsbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt vekur

Skipulagsstofnun athygli á að leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og reglugerð nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

Breyting hefur verið gerð á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 til samræmis við tilkynnta vegaf framkvæmd og er breyting aðalskipulagsins nú í auglýsingaferli.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. september 2008.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Þóroddur F. Þóroddson